

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Kjósarhreppi.

1. gr.

Kjósarhreppur innheimtir gjald vegna hreinsunar og losunar á rotþróum í sveitarfélaginu.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa skulu sumarhúsaeygendur, íbúðarhúsaeygendur og eigendur annarra fasteigna í Kjósarhreppi, sem skylt er að hafa tengdar við rotþró, greiða árlegt þjónustugjald, rotþróargjald, sbr. 5. gr. samþykktar nr. 183/2007, um hreinsun og losun rotþróa í Kjósarhreppi.

2. gr.

Rotþróargjald fyrir árið 2011 skal vera kr. 6.000 og er það árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, sumarhús og annað húsnæði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð og losuð á þriggja ára fresti og miðast álagt gjald við að kostnaður við hverja hreinsun og losun sé kr. 18.000.

Vegna umbeðinnar aukahreinsunar og losunar rotþróar er innheimt sérstakt gjald sem nemur kr. 18.000.

3. gr.

Almennt rotþróargjald skal álagt og innheimt með fasteignasköttum og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri sem gjaldið er á lagt, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 7. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps 16. desember 2010, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, tekur gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Kjósarhreppi, 31. desember 2010.

Guðný G. Ívarsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 25. febrúar 2011